

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 381/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Héðni Sverrissyni

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Neyðarhjálp. Gabb. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar samkvæmt kröfu ákærða, sem krefst aðallega sýknu, og af hálfu ákærvalds með stefnu 30. ágúst 1993 til staðfestingar á sakfellingu og refsíákvörðunar.

Á það er fallist með héraðsdómara, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst af þekkingu sinni og langri reynslu, að langlíklegast væri, að afleiðingar þess að skjóta upp neyðarflugeldum yrðu með þeim hætti, sem raun varð á. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en sakarkostnað.

Héraðsdómari dæmdi ákærða ekki til greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð, en það bar að gera samkvæmt 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verður ákærði því dæmdur til að greiða 35.000 krónur í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en sakarkostnað.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest með þeirri breytingu, að ákærði, Héðinn Sverrison, greiði einnig saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 30. júlí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júlí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæruskjali, dagsettu 20. apríl 1993, „á hendur Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd, Skútustaðahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu, fæddum 20. september 1949, fæðingarnúmer 331, fyrir að hafa miðvikudaginn 17. júlí 1991 við bæinn Geiteyjarströnd I, Skútustaðahreppi, skotið upp neyðarflugeldum án tilefnis, 2 flugeldum um kl. 10.15 og aftur 3 flugeldum um kl. 13.30, með þeim afleiðingum að björgunarsveitin Stefán í Mývatnssveit hóf neyðarleit laust eftir kl. 10.30 frá Hverfjalli að Bláfjalli og Sellandafjalli suður af Mývatni og kl. 12.00 hófst leit í lofti á ofangreindu svæði allt suður undir Dyngjufjöll en leit lauk um kl. 13.35.

Telst þetta varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu krefst sýslumaðurinn á Húsavík skaðabóta, kr. 63.360,-.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Niðurstaða.

Í máli þessu er háttsemi ákærða talin varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í tilvitnaðri lagagrein er verknaður lýstur refsiverður, ef maður gabbar lögreglumenn, björgunarlið eða annað hjálparlið með misnotkun hættumerkja.

Óumdeilt er að ákærði skaut í loft upp neyðarflugeldum og í framhaldi af þeim verknaði hófu félagar í björgunarsveitinni Stefáni leit, svo sem nánar er lýst í ákæruskjali.

Samkvæmt almennum reglum, sem gilda um sönnun í opinberum málum, sbr. 108. gr. eldri réttarfarslaga nr. 74/1974 og nú 45. gr. og 46. gr. laga nr. 19/1991, hvílir það á ákærvaldi að sanna, að fullnægt sé saknæmisskilyrðum þess refsíákvæðis sem ákært er fyrir. Í því felst í þessu máli að hugræn afstaða ákærða til brotsins hafi verið á þann veg að jafna megi til ásetnings. Við mat á því verður einkum að líta til framburðar ákærða svo og þeirrar staðreyndar að hann var formaður björgunarsveitarinnar Stefáns í Mývatnssveit til margra ára. Skiptir ekki máli í því sambandi, að ákærði hafði, þegar atvik málsins áttu sér stað, ekki lengur það starf með höndum. Samkvæmt skýrslum lögreglu var framburður ákærða að sumu leyti mótsagna-kenndur. Þannig segir hann við skýrslutöku 7. desember 1992 í einn stað að sér hafi ekki komið í hug að farið yrði að hefja leit, en í annan stað að hann hafi velt fyrir sér að láta lögregluna vita fyrir fram, en ekki gert það í trausti

þess að hann yrði sjálfur fyrsti maður sem hringt yrði til. Síðarnefnda attriðið er í samræmi við framburð hans fyrir dómi.

Þegar ofangreind atriði eru virt með hliðsjón af því, að ákærði var gjörkunnugur allri starfsemi björgunaraðila í Mývatnssveit, verður að telja að honum hafi hlotið að vera ljósar þær afleiðingar sem það myndi hafa að skjóta í loft upp þvílíku björgunartæki sem neyðarflugeldur er. Er þá einnig tekið með í reikninginn að ákærði endurtók athafnir sínar þremur og hálfri klukkustund síðar. Að mati dómsins lýsir verknaður ákærða slíkri afstöðu til brotsins að fullnægt er saknæmisskilyrðum fyrir sakfellingu, svo sem krafist er í ákæruskjali ríkissaksóknara.

Brot ákærða varðar við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Frá upphafi lögreglurannsóknar þann 17. júlí 1991 til móttöku Héraðsdóms Norðurlands eystra á ákæruskjali ríkissaksóknara leið tæpur 21 mánuður. Allt frá byrjun var upplýst um háttsemi ákærða og verður ekki séð að hann hafi tafið rannsókn. Dómari málsins tók við rekstri þess hinn 14. maí sl. Ákærða var birt ákæruskjal 25. júní og skipaður verjandi 28. s. m. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 27. júlí sl.

Við ákvörðun refsingar verður m. a. litið til hins óhæfilega dráttar er varð á rekstri málsins, enn fremur til persónulegra haga ákærða og hnökra- lauss sakaferils um margra ára skeið. Að þessu virtu þykir, eins og hér stendur á, rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og láta hana falla niður að liðnu einu ári frá dómsuppsögu ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sýslumaðurinn á Húsavík hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða vegna útlagðs kostnaðar við leitarflug, samtals kr. 63.360,-. Skýra ber 1. mgr. 170. gr. laga nr. 19/1991 á þann hátt, að sýslumaðurinn á Húsavík njóti þess réttarfarshagræðis, sem greinir í XX. kafla laga nr. 19/1991. Bótakröfu sýslu- mannsins á Húsavík hefur ákærandi rökstutt frekar með verðlista yfir leigu- og sjúkraflug flugfélagsins Mýflugs hf., frá 1. janúar 1992, sbr. dskj. nr. XV. Fallast má á það með ákæranda að bótagrundvöllur sé til staðar í málinu. Eru ekki efni til annars en að fallast á óbreytta upphæð bótakröfunnar, en vaxta var ekki krafist í málinu.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum, sbr. XIX. kafla laga nr. 19/ 1991, ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, þar á meðal máls- varnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmans, sem ákveðast kr. 35.000,- auk virðisaukaskatts. Eins og hér stendur á skal ákærði eigi greiða saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Héðins Sverrissonar, er frestað og fellur hún niður að liðnu einu ári frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sýslumannsembættinu á Húsavík skaðabætur, krónur 63.360,-.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000,- auk virðisaukaskatts.
